# Ragnheiður Sigríður Árnadóttir (1920-2017), hjúkrunarforstjóri og Jóhann Sigmundur Snorrason (1917-2004), verslunarmaður, Akureyri.

2011/58

Ragnheiður Árnadóttir f. 21. nóv. 1920.

Ragnheiður lauk gagnfræðaprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1938. Hún lauk prófi frá Hjúkrunarskóla Íslands árið 1944 og hóf störf við hjúkrun á sjúkrahúsinu á Akureyri. Ragnheiður fór í framhaldsnám í hjúkrun til Danmerkur á árunum 1948 - 1950. Árið 1950 var hún ráðin sem yfirhjúkrunarkona á sjúkrahúsinu Gudmanns Minde eða gamla spítalanum á Akureyri. Árið 1953 var flutt í nýja sjúkrahúsið og þar starfaði hún sem yfirhjúkrunarkona til ársins 1956. Ragnheiður gegndi stöðu hjúkrunarforstjóra í um 30 ár eða til ársins 1986. Hún var stundakennari við Gagnfræðaskóla Akureyrar í um tvö ár.
Ragnheiður var mjög virk í hinum ýmsu félögum m.a. Zontaklúbbi Akureyrar, kvenfélagi Akureyrarkirkju og var formaður í sóknarnefnd Akureyrarkirkju.

Jóhann Snorrason fæddist 5. október 1917.

Jóhann lauk gagnfræðanámi á Akureyri. Hann vann við margt á yngri árum, t.d. síld á sumrin en lengst af vann hann sem verslunarmaður hjá KEA. Jóhann tók að iðka skák hjá Skákfélagi Akureyrar 1936 og varð tveim árum síðar skákmeistari Akureyrar, hann var einn af öflugustu skákmönnum á Norðurlandi og varð þrívegis Norðurlandsmeistari í skákíþróttinni og oft í 2. og 3. sæti. Hann iðkaði einnig bridds og lagði stund á ættfræði.

Ragnheiður og Jóhann giftu sig þann 14. nóvember 1953. Ragnheiður og Jóhann bjuggu lengst af í Byggðavegi 97 og fluttu þaðan í Víðilund 20, þar bjó Ragnheiður áfram eftir að Jóhann féll frá, en flutti á Hlíð árið 2011.
Ragnheiður lést 5. febrúar 2017 og fór útför hennar fram þann 13. febrúar 2017 frá Akureyrarkirkju. Jóhann lést 9. nóvember 2004 og fór útför hans fram þann 18. nóvember 2004 frá Akureyrarkirkju.

Afhendingin barst frá Ragnheiði Thelmu Snorradóttur barnabarni Ragnheiðar og Jóhanns. Þetta er fyrsta afhendingin sem berst frá þessum skjalamyndurum.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
5. júní 2026

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

| Skjalaf. | Askja | Örk | Tímabil | Efni |
|---|---|---|---|---|
| **A-Ragnheiður Árnadóttir og Jóhann** | | | | |
| **A-Ragnheiður Árnadóttir og Jóhann** | | | **1915 - 1986** | |
| A | 1 | 1 | 1922 - 1986 | Skjöl frá Jóhanni Snorrasyni og föður hans Snorra Jóhannessyni: Leikir spilaðir í skákkeppni; kveðskapur, 2 blöð, annað undirritað af Jóhannesi Sturlaugssyni; blað með ártölum og lýsingum á árum þar sem var góðæri og harðæri; reikningur Snorra Jóhannessonar frá Höepfner verslun. |
| A | 1 | 2 | 1950 - 1961 | Jóla- og póstkort. |
| A | 1 | 3 | 1922 - 1940 | Reikningabók Snorra Jóhannssonar. |
| A | 1 | 4 | 1915 - 1965 | Bréf til Ragnheiðar, Jóhanns og fleiri fjölskyldumeðlima. |